



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (grunnmat, réttindamyndun til örorkulífeyris o.fl.) FRN26060142
Ráðuneyti og skrifstofa	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, skrifstofa vinnumarkaðar og almannatrygginga.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	23. júní 2026

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?
Þann 1. september 2025 tóku gildi breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem kveðið er á um nýtt örorkulífeyriskerfi. Eftir gildistöku nýja kerfisins hefur komið í ljós að ýmis atriði eru ef til vill ekki nægjanlega skýr í gildandi lögum og er ætlunin að bregðast við því í fyrirhuguðu frumvarpi. Auk þess þykir rétt að gera tiltekna efnislegar breytingar á umræddum lögum þannig að þau nái betur en nú er þeim markmiðum sem að var stefnt með fyrirnefndum breytingum á örorkulífeyriskerfinu.

B. Markmið

- Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).**
Stefna ríkisstjórnarinnar á málefnasviði 27 er meðal annars að skapa samfélag fyrir okkur öll, draga úr fátækt og bæta kjör lífeyrisþega.
- Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.**
Markmiðið sem að er stefnt með fyrirhuguðu frumvarpi er að skýrt verði kveðið á um þau atriði sem þykja ekki nægjanlega skýr í gildandi lögum um almannatryggingar sem og að breyta þeim ákvæðum laganna efnislega sem ekki þykja hafa náð þeim markmiðum sem að var stefnt með nýju örorkulífeyriskerfi.

C. Útfærsla

- Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á gildandi lögum um almannatryggingar.
- Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar).**
Á ekki við.

D. Breytingar
Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Gert er ráð fyrir að í fyrirhuguðu frumvarpi verði lagt til að bætt verði við ákvæði/ákvæðum í lög um almannatryggingar þar sem kveðið verði á um svokallað grunnmat við mat á rétti einstaklinga til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna. Þá er gert ráð fyrir kveðið verði skýrar en verið hefur samkvæmt gildandi lögum á um tímamörk réttindamyndunar til örorku- og hlutaörorkulífeyris, afmörkun á áhrifum erlends örorkumats og aðgreiningu milli sama tryggingatilviks og nýs tryggingatilviks þegar örorka hefur þegar við metin í öðru ríki. Að öðru leyti er ekki búið að útfæra með hvaða hætti lagt verður til í fyrirhuguðu frumvarpi að lögum um almannatryggingar verði breytt.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Þeir sem eiga rétt samkvæmt lögum um almannatryggingar á greiðslu örorkulífeyris skv. 24. gr., hlutaörorkulífeyris skv. 25. gr. eða ellilífeyris skv. 16. eða 17. gr., sem og þeir sem eiga rétt á greiðslu sjúkra- og endurhæfingarlífeyris skv. 27. gr. Þá má gera ráð fyrir að þjónustuaðilar í skilningi laga um almannatryggingar muni hafa hag af þeim breytingum sem gert er ráð fyrir að verði á lögum um almannatryggingar, sérstaklega þeim breytingum er koma til með að varða frekari skýringar á tilteknum atriðum laganna. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. Samráð sem þegar hefur farið fram. Samráð hefur farið fram við þjónustuaðila í skilningi laga um almannatryggingar. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Gert er ráð fyrir áframhaldandi samráði við þjónustuaðila í skilningi laga um almannatryggingar. Þá er gert ráð fyrir að birta bæði áformaskjal og drög að frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda í samræmi við 3. og 9. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillaga, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Áætlað er að kostnaðarauki fyrir ríkisstjórn, verði fyrirhugað frumvarp að lögum, verði á bilinu 180-200 m.kr. Þar sem ekki er búið að útfæra allar þær breytingar á lögum um almannatryggingar sem gert er ráð fyrir að fyrirhugað frumvarp muni fela í þér þykir að svo stöddu ekki unnt að meta hugsanleg jafnréttisáhrif frumvarpsins.
H. Gildistaka og næstu skref
1. Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Í fyrirhuguðu frumvarpi verður gert ráð fyrir að þær breytingar á lögum um almannatryggingar, sem frumvarpið kemur til með að fela í sér, muni taka gildi frá og með 1. janúar 2027. 2. Mælikvarðar á árangur. Skýrari lög um almannatryggingar.
I. Annað
Á ekki við.
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. Sjá hér meðfylgjandi. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum. Á ekki við.